

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 116/2011****2011/EES/70/06****frá 21. október 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2011 frá 30. september 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 143/2011 frá 17. febrúar 2011 um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 207/2011 frá 2. mars 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (pentabrómafleiða af difenýleter og perflúoroktansúlfónöt (PFOS)) ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32011 R 0143**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 143/2011 frá 17. febrúar 2011 (Stjtið. ESB L 44, 18.2.2011, bls. 2), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 52,
- **32011 R 0207**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 207/2011 frá 2. mars 2011 (Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 27).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 143/2011, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 49, 24.2.2011, og 207/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 318, 1.12.2011, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 65, 1.12.2011, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 44, 18.2.2011, bls. 2.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 27.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. október 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.